



Reykjavík, 15. júlí 2024

USK24050365

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 29.maí 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa: Flokks fólksins

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá yfirlit yfir stöðu viðgerða og viðhalds á leik- og grunnskóla húsnæði Reykjavíkurborgar sem eru ónothæf vegna myglu- og rakaskemmda. Óskað er eftir slíku yfirliti og tímaáætlunum s.s. hvenær framkvæmdum á að vera lokið

Greinargerð fylgdi fyrirspurn:

Mygla og raki hafa fundist í tugum leik- og grunnskóla. Mygla í leikskólum borgarinnar hefur gert vonda stöðu enn verri. Í fyrra voru yfir 1.200 grunn- og leikskólabörn í húsnæði utan skólalóðar heimaskóla vegna mygluvandamála, 860 grunnskólabörn og 350 leikskólabörn. Síðan þá hafa líklega bæst við tugi barna ef ekki hundruð. Viðgerðir eru í gangi en hvergi liggur fyrir yfirlit yfir hvaða skólahúsnæði er í endurgerð eða viðgerð og hver staðan er á hverju og einu þeirra.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 5. júní 2024.

Svar:

Varðandi stöðu framkvæmda þá er bent á framkvæmdasíðu Reykjavíkurborgar:

<https://reykjavik.is/framkvaemdir>

En þar má finna helstu upplýsingar um stöðu og framvindu framkvæmda.

Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds



Reykjavík